



Textíll 7. bekkur 2024-2025

Viðfangsefni eru skipulögð með það í huga að þau hafi fagurfræðilegt og hagnýtt gildi fyrir nemendur ásamt því að þeir læri og þjálfist í margvíslegri færni sem bæði tengist aðferðum greinarinnar og sköpunar þættinum.

Kennsluaðferðir

Kennt er í tveim samliggjandi kennslustundum tvisvar sinnum í viku í 12 vikna lotum. Verkefni eru ýmist kynnt og útskýrð fyrir öllum hópnum í einu eða honum skipt upp. Síðan fer fram einstaklingsaðstoð svo allir nái sem bestum tókum á þeim aðferðum sem verið er að kenna. Helstu markmið eru að nemandi:

- saumi krosssaum eftir eigin hönnun eða annarra
- sníði og klippi eftir pappírssníði og mæli fyrir saumförum
- þjálfist í að sauma í saumavél
- þjálfist í að þrjúna og/eða hekla
- átti sig á möguleikum til endurnýtingar textílefna og prufi sig áfram
- læri vefjarefnafræði og átti sig á umhverfisáhrifum textíliðnaðar
- liti vefjarefni með taulitum og beiti nokkrum þrykk aðferðum til að fá munstur á efni
- upplifi sköpunargleði við úrfærslu eigin textílverks
- þjálfist í að nota hugtök og heiti sem tengjast viðfangsefnum greinarinnar
- venji sig á að ganga frá áhöldum, efnunum og verkefnum

Námsefni og gögn

Efni og áhöld frá kennara.

Námsmat

Frammistaða nemenda er metin jafnt og þétt meðan á kennslutímabili stendur. Notaður er matslisti þar sem merkt er við þættina: virkni, verkfærni og umgengni. Einnig er merkt inn á hæfnikort nemenda í Mentor.

Kennari Sigríður Rafnsdóttir